



Reykjavíkurborg

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 12. ágúst 2019  
R19060059

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við aðstoðarmann borgarstjóra***

Á fundi borgarráðs þann 6. júní 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við aðstoðarmann borgarstjóra:

Flokkur fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hver sé kostnaður við að halda úti stöðu aðstoðarmanns borgarstjóra. Hér er ekki aðeins verið að spyrja um laun heldur einnig annan kostnað sem fylgir þessu starfi svo sem ferða- og dagpeningakostnaði. Óskað er upplýsinga fyrir árin 2017 og 2018.

Með bréfi dags. 7. júní sl. var óskað eftir umsögn skrifstofa borgarstjóra og borgarritara um fyrirspurnina.

Staða aðstoðarmanns borgarstjóra varð til fyrir um aldarfjórðungi síðan eða árið 1994. Aðstoðarmaður borgarstjóra starfar sem pólitískur ráðgjafi borgarstjóra og sinnir margvíslegum verkefnum fyrir hans hönd. Laun aðstoðarmanns borgarstjóra taka mið af launum aðstoðarmanns forsætisráðherra en heildarlaun, þ.e.a.s. laun ásamt launatengdum gjöldum, aðstoðarmanns borgarstjóra árið 2017 voru 19.255.000 og 19.320.000 árið 2018.

Ferðakostnaður starfsmanna Reykjavíkurborgar er reiknaður í samræmi við reglur um ferðaheimildir og greiðslur ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar, dags. 1. febrúar 2018. Ferðakostnaður aðstoðarmanns borgarstjóra á árinu 2017 var 1.121.300 og 712.870 á árinu 2018.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara,

Theódóra Sigurðardóttir